

Stafrænt aðalskipulag

Leiðbeiningar

2.2 útgáfa, febrúar 2026



Efnisyfirlit

1	Inngangur	3
2	Stafrænt aðalskipulag	3
3	Helstu hugtök	4
4	Gagnatilhögun	5
4.1	Sameiginlegar fitjueigindir	5
4.2	Fitjutegundin Skipulag	6
4.3	Fitjutegundin Landnotkun	7
4.4	Fitjutegundirnar Önnur staðbundin ákvæði (punktar, línur og flákar)	9
4.4.1	Önnur staðbundin ákvæði, punktar	9
4.4.2	Önnur staðbundin ákvæði, flákar	9
4.4.3	Önnur staðbundin ákvæði, línur	9
4.4.4	Fitjueigindir Annarra staðbundinna ákvæða	10
4.5	Almenn ákvæði	13
5	Breyting á aðalskipulagi	13
6	Textasnið fyrir ákvæði	14
6.1	HTML tög	14
6.2	Dæmi um notkun á HTML tögum	14
7	Stafræn fylgiskjöl	15
8	Athugun Skipulagsstofnunar og skil á stafrænum gögnum	16

1 Inngangur

Ákvæði skipulagslaga og skipulagsreglugerðar um stafrænt aðalskipulag fela í sér að vinna skal aðalskipulag í landupplýsingakerfi með samræmdum hætti.

Í gagnalýsingu um stafrænt aðalskipulag er fjallað um tilhögun og innihald stafrænna aðalskipulagsgagna¹. Þessum leiðbeiningum er ætlað að auðvelda þeim sem sinna gerð aðalskipulags að útbúa stafræn skipulagsgögn í samræmi við gagnalýsingu. Þeim er ekki ætlað að vera kennslubók í vinnslu landupplýsinga og því er ekki farið ítarlega í það hvernig gögn eru unnin í ólíkum hugbúnaði landupplýsingakerfa.

Leiðbeiningarnar fjalla um gerð stafræns aðalskipulags, en segja ekki til um framsetningu á skipulagsuppdráttum þegar þeir eru útprentaðir eða á pdf- eða sambærilegu formi. Um framsetningu á útprentuðum skipulagsuppdráttum gilda ákvæði í 7. kafla skipulagsreglugerðar nr. 90/2013.

Um er að ræða aðra útgáfu leiðbeininganna og gert er ráð fyrir að þær verði uppfærðar og gefnar út að nýju eftir því sem þörf krefur. Allar ábendingar eru vel þegnar og má koma þeim á framfæri á skipulag@skipulag.is.


2 Stafrænt aðalskipulag

Gerð stafræns aðalskipulags felur í sér að skipulagsgögn eru unnin í landupplýsingakerfi með samræmdum hætti, auk þess að aðalskipulagið er sett fram í skipulagsgreinargerð og á skipulagsuppdráttum eins og verið hefur.

Hingað til hafa skipulagsuppdrættir yfirleitt verið unnir í hefðbundnum teiknikerfum (e. CAD). Munurinn á hefðbundnu teiknikerfi og landupplýsingakerfi er í stórum dráttum sá að landupplýsingakerfi er, eins og nafnið ber með sér, upplýsingakerfi þar sem upplýsingar sem tengjast landfræðilegu fyrirbæri eru vistaðar í sama kerfi og afmörkun á viðkomandi fyrirbæri. Við gerð aðalskipulags í landupplýsingakerfi er því unnið með upplýsingar eins og t.d. skipulagsákvæði, tegund landnotkunar og heimila uppbyggingu á tilteknum reit, tengt landfræðilegri afmörkun reitsins á skipulagsuppdrætti og gögnin vistuð sem ein heild í einu kerfi.

Í stafrænu aðalskipulagi eru viðfangsefni á skipulagsuppdrætti táknud sem flákar, línur eða punktar. Slík auðkenning á uppdrætti, hvort sem það er fláki, lína eða punktur, er kölluð fitja. Landnotkunarreitir er dæmi um fitju sem táknud er með fláka á aðalskipulagsuppdrætti (sjá mynd 1). Allir landnotkunarreitir sem táknadur eru með fláka í aðalskipulagi mynda saman fitjutegundina *Landnotkun*. Um hverja fitju eru skráðar ákveðnar upplýsingar í töflu um viðkomandi fitjutegund. Í töflunni fær hver fitja sína röð og eru upplýsingar um hana skráðar í dálka töflunnar. Þessar upplýsingar kallast fitjueigindir og taflan kallast eigindatafla. Dæmi um fitjueigindir sem haldið er utan um í eigindatöflu fyrir tiltekinn landnotkunarreit eru landnotkunarflokkur, skipulagsákvæði og númer landnotkunarreits.

¹ Áður var talað um fitjuskrá, en með niðurfellingu staðalsins ÍST 120 í júní 2021 er nú, í stað fitjuskrár, sett fram gagnalýsing sem segir til um hvernig landupplýsingagögn um tiltekið efni eru flokkuð og skráð.



Mynd 1. Íbúðarsvæðið IB3 auðkennt sem fitja af fitjutegundinni landnotkun og fitjueigindir hennar skráðar í eigindatöflu.

Miðlun aðalskipulags í landupplýsingakerfi gefur færi á að skoða afmörkun reita í ýmsum mælikvörðum. Túlkun landfræðilegra afmarkana skal þó ávallt taka mið af þeim mælikvarða sem staðfestur skipulagsuppdráttur er settur fram í. Stafrænt aðalskipulag er viðbót við hefðbundin aðalskipulagsgögn. Áfram er gerð krafa um önnur skipulagsgögn, s.b. staðfesta útprentaða skipulagsuppdrætti í réttum mælikvarða. Staðfest, undirritað aðalskipulag er ávallt hin endanlega heimild um stefnu og skipulagsákvæði aðalskipulags.

3 Helstu hugtök

Gagnalýsing
(data product specification)

Opinbert skjal þar sem sett er fram lýsing á því hvernig landupplýsingagögn um tiltekið efni eru flokkuð og skráð. Lýsingin nær yfir gagnasett eða röð gagnasetta sem saman mynda ákveðna afurð (t.d. stafrænt aðalskipulag).

Landupplýsingar
(geographic information)

Gögn og upplýsingar sem tengjast stað á, í eða yfir jörðu, hvort heldur með hnitum eða auðkenni, t.d. staðfang eða póstnúmer.

Landupplýsingakerfi
(geographical information system)

Ýmsir miðlar og kerfi sem meðhöndla, greina og birta landupplýsingar. Þar á meðal hugbúnaður sem getur varðveitt, greint og birt landupplýsingar. Til dæmis ArcGIS eða QGIS.

Fitja
(feature)

Líkan af náttúrulegu eða manngerðu fyrirbæri sem á sér staðsetningu eða umfang á, í eða yfir jörðu. Fitja getur verið auðkennd sem punktur, lína eða fláki. Í aðalskipulagi getur það m.a. átt við landnotkunarreit eða veg.

Fitjueigind
(feature attribute)

Fitjueigind er eiginleiki eða einkenni fitju. Í aðalskipulagi getur fitjueigind m.a. verið heiti landnotkunarflokk, byggingarmagn og önnur skipulagsákvæði.

Fitjutegund
(feature type)

Flokkur fitja, sem búa yfir sömu eiginleikum. Í aðalskipulagi eru landnotkunarflákar ein fitjutegund þar sem þeir eiga það sameiginlegt að vera flákar sem skilgreina stefnu um landnotkun á tilteknu svæði.

Gagnagrunnur (database)	Skipulagt kerfi til að geyma tölvuskráð gögn um tiltekið efni, skipa þeim niður eftir innbyrðis venslum, vinna úr þeim og heimta þau.
Fláki (polygon)	Afmarkað svæði sem myndað er úr þremur eða fleiri línunum sem tengjast og mynda þannig eina heild. Dæmi um fláka í aðalskipulagi getur verið landnotkunarreitur sem þekur ákveðið landsvæði.

4 Gagnatilhögun

Landupplýsingar stafræns aðalskipulags samanstanda af fimm fitjutegundum og einni töflu sem vensluð er við viðkomandi fitjutegundir. Fitjutegundir og töflur tengjast og mynda saman stafrænt aðalskipulag.

Í gagnalýsingu stafræns aðalskipulags eru settar fram þær kröfur sem gerðar eru til uppbyggingar og framsetningar gagna í samræmi við staðal um gagnalýsingar. Í eftirfarandi köflum er fjallað nánar um tilhögun gagna og vinnslu stafræns aðalskipulags, til viðbótar þeim upplýsingum sem fram koma í gagnalýsingunni.

Samhliða gerð aðalskipulags skal unnið að flokkun landbúnaðarlands í landupplýsingakerfi og að flokkun vega í náttúru Íslands. Gert er ráð fyrir að landupplýsingum sem innihalda flokkun landbúnaðarlands og vegi í náttúru Íslands sé skilað til Skipulagsstofnunar sem fylgiskjölum með öðrum skipulagsgögnum aðalskipulags.

4.1 SAMEIGINLEGAR FITJUEIGINDIR

Allar eigindatöflur stafræns aðalskipulags hafa sameiginlegar fjórar fitjueigindir sem skráðar eru af Skipulagsstofnun. Það merkir að viðkomandi eigindir bætast við þær eigindir sem lýst er í köflum 4.2 til 4.5. Þetta eru eigindir sem notaðar eru til venslunar í gagnagrunni og segja til um gildistíma viðkomandi skipulagsgagna.

Tafla 1. Sameiginlegar fitjueigindir.

Skýring	
Auðkenni (auðkenni)	Hér skráir Skipulagsstofnun auðkenni sem hún úthlutar viðkomandi aðalskipulagsverkefni og er notað til venslunar í gagnagrunni. Allar eigindatöflur í sama stafræna aðalskipulaginu fá eitt og sama auðkennisnúmer sem tengir gögnin saman. Sérstöku númeri er úthlutað fyrir hvert aðalskipulag eða breytingu á aðalskipulagi þannig að ekkert annað aðalskipulag eða aðalskipulagsbreyting getur haft sama númerið.
Gildir frá (gildirFra)	Hér skráir Skipulagsstofnun dagsetninguna sem viðkomandi skipulag tekur gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda, hvort sem um er að ræða nýtt aðalskipulag í heild eða breytingu á aðalskipulagi.
Gildir til (gildirTil)	Hér skráir Skipulagsstofnun dagsetninguna þegar viðkomandi skipulagsgagn fellur úr gildi. Dæmi: Þegar nýtt aðalskipulag eða aðalskipulagsbreyting hefur tekið gildi fellur eldra aðalskipulag sveitarfélags, eða sá hluti sem breyting nær yfir, úr gildi.
Skipulagsnúmer (skipnr)	Hér skráir Skipulagsstofnun einkvæmt númer viðkomandi skipulagsáætlunar sem notað er til venslunar í gagnagrunni.

4.2 FITJUTEGUNDIN SKIPULAG

Fitjutegundin *Skipulag* nær yfir heildarafmörkun þess svæðis sem viðkomandi aðalskipulag tekur til. Þegar unnið er nýtt aðalskipulag er eina fitjan í þessari skrá fláki sem nær yfir mörk viðkomandi sveitarfélags. Þegar um breytingu á aðalskipulagi er að ræða, er fitjan fláki sem afmarkar svæði viðkomandi breytingar. Þegar skipulagssvæðið samanstendur af fleiri en einni landfræðilegri heild, t.d. þegar sveitarfélagið nær yfir eyjar, er teiknuð ein fitja fyrir öll svæðin (e. multipolygon). Það merkir að allir flákar eru meðhöndlaðir sem ein heild og fá eina línu sem sama fitjan í eigindatöflu.

Tafla 2. Fitjueigindir fyrir fitjutegundina Skipulag.

Skýring	
Heiti (heiti)	Opinbert heiti aðalskipulagsins, þ.e. heiti sveitarfélagsins og skipulagstímabil. Dæmi: - Heiti aðalskipulags: <i>Aðalskipulag Mosfellsbæjar 2011-2030</i>. - Heiti breytingar á aðalskipulagi: <i>Lækjarhvammur, stækkun frístundabyggðar</i>.
Skipulagsstig (skipStig)	Hér er sett fram heiti skipulagsstigs samkvæmt skipulagslögum. Þar sem um aðalskipulag er að ræða er eitt gildi sem fer í þennan reit: Aðalskipulag
Málsmeðferð (malsMed)	Í þessum reit er tilgreind sú málsmeðferð sem skipulagið fær samkvæmt skipulagslögum, hvort um heildarskipulag er að ræða eða breytingu á skipulagi. Hér má aðeins skrá eitt af eftirfarandi gildum, eftir því sem við á: ASK Aðalskipulag (nýtt skipulag, heildarskipulag) BR Breyting á aðalskipulagi (sem fær sömu málsmeðferð og nýtt aðalskipulag) OBR Óveruleg breyting á aðalskipulagi
Heiti stjórnvalds (heitiStj)	Hér er skráð heiti þess sveitarfélags sem aðalskipulagið tilheyrir. Dæmi: <i>Akraneskaupstaður</i>
Númer stjórnvalds (nrStj)	Hér er skráð opinbert númer þess sveitarfélags sem aðalskipulagið tilheyrir. Dæmi: Í tilfelli Akraneskaupstaðar er gildið <i>3000</i> skráð þar sem það er opinbert númer þess sveitarfélags.
Fyrirmæli (fyrirm)	Hér eru skráð þau lög og reglugerð sem skipulagið er unnið eftir. Komma er notuð til að greina á milli. Dæmi: <i>Skipulagslög nr. 123/2010, skipulagsreglugerð nr. 90/2013.</i>
Kortagrunnur (grunnur)	Hér eru skráðar upplýsingar um kortagrunna sem landfræðileg afmörkun skipulagsákvæðana byggir á, svo sem loftmyndir, landhæðarlíkan, vatnafar og annað sem gæti átt við. Skráð er nafn framleiðanda, nafn gagnasetts, útgáfunúmer og dagsetning eftir því sem við á. Dæmi: <i>Landmælingar Íslands, IS50V, útgáfa 24.12.2020.</i>
Skipulagsskjöl (vidhUrl)	Hér er sett inn vefslóð sem vísar á staðfest skipulagsgögn, þar á meðal skipulagsupprátt og greinargerð á pdf formi. Fyllt út af Skipulagsstofnun við gildistöku aðalskipulags eða aðalskipulagsbreytingar.

4.3 FITJUTEGUNDIN LANDNOTKUN

Í aðalskipulagi er mörkuð stefna um landnotkun á öllu landi innan viðkomandi sveitarfélags í samræmi við landnotkunarflokka eins og þeir eru skilgreindir í skipulagsreglugerð.

Fitjur af fitjutegundinni *Landnotkun* eru flákar sem afmarka landnotkunarreiti í samræmi við 6. kafla skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 og lýsa stefnu og skipulagsákvæðum á viðkomandi reitum, svo sem ákvæðum um heimilt umfang uppbyggingar og landnýtingu. Við afmörkun á landnotkunarflákum skal gæta þess að flákar skarist ekki og að ekki sé glufa á milli þeirra. Allt land innan sveitarfélagsins á að tilheyra tilteknum landnotkunarreit og hvert svæði tilheyrir aðeins einum landnotkunarreit, þ.e. hver fláki táknar einn skilgreindan landnotkunarflokk og skarast ekki við annan fláka. Ef einn og sami landnotkunarreitur samanstendur af fleiri en einni landfræðilegri heild er teiknuð ein fitja fyrir öll svæðin (e. multipolygon).

Tafla 3. Fitjueigindir fyrir fitjutegundina Landnotkun.

Skýring	
Landnotkunarflokkur (flokkur)	Hér er skilgreind sú landnotkun sem gildir á viðkomandi reit. Hér er valið úr tilbúnum gildum sem listuð eru upp í töflu 3, í kafla 4.3 í gagnalýsingu stafræns aðalskipulags. Gildin standa fyrir landnotkunarflokka eins og þeir eru skilgreindir í 6. kafla skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 og ekki er heimilt að víkja frá tilbúnum gildum. Aðeins er unnt að velja eina skilgreinda landnotkun fyrir hvern fláka.
Númer landnotkunarreits (numer)	Hér er skráð hlaupandi númer sem auðkennir viðkomandi landnotkunarreit. Númer sem er m.a. notað til að tengja skipulagsákvæði í greinargerð við viðkomandi reit á skipulagsuppdraetti. Númeraröð hefst á 1 og tryggja þarf að engar tvær fitjur í sama landnotkunarflokki hafi sama númerið. Hafa þarf í huga að númeraröð nær einnig til fitja sem tilheyra sama landnotkunarflokki en eru skráðar í fitjutegundinni <i>Önnur staðbundin ákvæði</i> sem á við þegar landnotkun er táknud sem punktur. Dæmi: Ef auðkenni tiltekinnar íbúðarbyggðar er ÍB2 er tölustafurinn 2 skráður.
Heiti (heiti)	Heiti sem notað er til að vísa í reitinn í daglegu tali. - Dæmi sem gæti átt við íbúðarbyggð: <i>Hvassaleiti</i>. - Dæmi sem gæti átt við hafnarsvæði: <i>Sundahöfn, norður</i>.
Ákvæði (akvaedi)	Hér eru skráð sértæk skipulagsákvæði sem gilda um reitinn, umfram það sem kemur fram í stefnu og almennum skipulagsákvæðum viðkomandi aðalskipulags. Mikilvægt er að hafa texta sem hér er skráður hnitmiðaðan og í sem fæstum orðum. Ákjósanlegt er að halda orðafjölda undir 50 ef því verður komið við. Dæmi um skipulagsákvæði fyrir íbúðarbyggðarreit (ÍB): <i>Blönduð byggð fjölbýlishúsa, parhúsa, raðhúsa og einbýlishúsa. Einbýli, par- og raðhús 1-2 hæðir. Fjölbýlishús allt að 4 hæðir.</i>
Lýsing (lysing)	Hér má setja nánari lýsingu á viðkomandi fitju. Lýsing felur <u>ekki</u> í sér skipulagsákvæði en er ætlað að gefa nánari upplýsingar um stöðu á viðkomandi reit eða aðrar upplýsingar um reitinn sem ástæða þykir að setja fram. Ekki er nauðsynlegt að fylla út í reitinn. Dæmi: Ef reitur ÍB2 er óbyggður eru skilmálar um heimila uppbyggingu settar fram undir ákvæði en í dalkinn lýsing væri unnt að setja skrá: <i>Svæðið er óbyggð</i>.
Stærð landnotkunarreits (staerd)	Hér er skráð viðmiðunarstærð landnotkunarreits í samræmi við ákvæði í skipulagsgreinargerð viðkomandi aðalskipulags. Stærð er sett fram í hekturum (ha) með einum aukastaf. Dæmi: Ef reitur ÍB2, fyrir íbúðarbyggð, er 5,5 hektarar er talan 5,5 skráð.

	Skýring
Fjöldi íbúða (ibudirFj)	Heildarfjöldi íbúða sem gert er ráð fyrir á reitnum sem fitjan afmarkar. Fjöldi tekur til þegar byggðs húsnæðis og áformaðrar uppbyggingar. Getur falist í hámarksfjölda íbúða á viðkomandi reit eða viðmiðunartölu um áætlaðan heildarfjölda íbúða. Ef engar íbúðir eru fyrir á reitnum eða engar íbúðir heimilar samkvæmt aðalskipulaginu er skráð 0 í þennan reit. Dæmi: Ef gert er ráð fyrir samtals 150 íbúðum á reit ÍB2 er talan 150 skráð. Ef gert er ráð fyrir 100 til 150 íbúðum á reit ÍB2 er talan 150 skráð.
Byggingarmagn (byggmagn)	Heildarbyggingarmagn húsnæðis, í fermetrum, sem gert er ráð fyrir á reitnum sem fitjan afmarkar. Tekur til þegar byggðs húsnæðis og áformaðrar uppbyggingar. Getur falist í skipulagsákvæðum um hámarksbyggingarmagn á viðkomandi reit eða viðmiðunartölu um áætlað heildarbyggingarmagn. Ekki er gerður greinarmunur á því um hverskonar húsnæði er að ræða. Dæmi: Ef gert er ráð fyrir samtals 3000 m² á reitnum er talan 3000 skráð.
Efnismagn (efnismagn)	Heildar efnismagn efnistöku- og/eða efnislosunarsvæða, eftir því sem við á um viðkomandi reit. Efnismagn er sett fram í rúmmetrum án aukastafa. Getur falist í hámarks efnismagni á viðkomandi reit eða viðmiðunartölu um áætlað efnismagn. Dæmi: Ef gert er ráð fyrir allt að 5000 m³ á reitnum er talan 5000 skráð.
Fjöldi gistirúma (gistiFj)	Heildarfjöldi gistirúma (gesta) sem heimilaður er á reitnum sem fitjan afmarkar. Ef gisting er ekki heimil á reitnum er skráð 0 í þennan reit. Dæmi: Ef gert er ráð fyrir 45 gistirúmum á miðsvæði M2 er talan 45 skráð.
Grunngögn (grunngogn)	Þessi reitur á aðeins við þegar afmörkun fitju byggir á öðrum og mögulega ítarlegri kortagrunnum eða landupplýsingagögnum en þeim sem skráð eru fyrir aðalskipulagið í heild og eru þegar listuð upp í eigindatöflu fyrir fitjutegundina <i>Skipulag</i>. Það getur meðal annars átt við þegar reitur byggir á uppmældum stígum, hefur verið hnitsettur sérstaklega eða myndmældur með dróna. Ef byggt er á sömu kortagrunnum og listaðir eru upp í eigindatöflu fitjutegundarinnar <i>Skipulag</i>, er þessu reitur skilinn eftir óútfylltur.
Nákvæmni (nakvaemni)	Hér er skráður mælikvarði þess skipulagsuppdráttar sem fitjan er sett fram á. Nákvæmni túlkunar landfræðilegra afmarkana í aðalskipulagi þarf að taka mið af mælikvarða skipulagsuppdráttar og eðlis þeirrar stefnumörkunar sem aðalskipulag felur í sér. Almennt er nákvæmni túlkunar aðalskipulagsuppdráttar miðuð við það sem greina má við lestur útprentaðs skipulagsuppdráttar í þeim mælikvarða sem hann er gefinn út í. Dæmi: Ef aðalskipulagsuppdráttur er settur fram í mælikvarðanum 1:50.000 er gildið 1:50.000 skráð.

4.4 FITJUTEGUNDIRNAR ÖNNUR STAÐBUNDIN ÁKVÆÐI (PUNKTAR, LÍNUR OG FLÁKAR)

Önnur staðbundin ákvæði eru önnur skipulagsákvæði en landnotkunarflákar sem skilgreind eru í aðalskipulagi og auðkennd eru á aðalskipulagsupphætti. Um er að ræða þrjár fitjutegundir sem táknaðar eru með punktum, línunum og flákum. Fyrirbæri sem tilheyra þessum fitjutegundum leggjast ofan á landnotkunarþekjuna, þar sem landnotkunarreitir eru afmarkaðir með flákum.

Þegar um er að ræða takmörkun á landnotkun sem sótt er í opinberan og viðurkenndan gagnagrunn og afmörkun viðkomandi takmarkana er birt óbreytt á útprentuðum aðalskipulagsupphætti, er ekki gert ráð fyrir að viðkomandi fitjur séu hluti af stafrænu aðalskipulagi. Þetta á til dæmis við um friðlýst svæði samkvæmt náttúruverndarlögum sem sótt eru til Umhverfisstofnunar og upplýsingar um fornleifar sem sóttar er til Minjastofnunar Íslands.

4.4.1 Önnur staðbundin ákvæði, punktar

Fitjutegundin nær yfir skipulagsákvæði sem táknuð eru sem punktur á aðalskipulagsupphætti. Það á við fyrirbæri sem birt eru á skipulagsupphætti en eru það lítil að umfangi að ekki er talið raunhæft að afmarka þau með fláka í þeim mælikvarða sem viðkomandi skipulagsupphætti er settur fram í. Þetta getur átt við lítil svæði sem fela í sér tiltekna landnotkun, til dæmis efnistökusvæði sem er það lítið að það er illgreinanlegt sem fláki í þeim mælikvarða sem skipulagsupphætti er settur fram í. Einnig geta slík punktákvæði átt við minni staðbundin verndarákvæði, eins og hverfisvernd. Framsetning á landnotkun og takmörkunum í formi punkta getur meðal annars átt við þegar viðkomandi svæði eru undir 3 ha að stærð og eru sett fram á sveitarfélagsupphætti í mælikvarðanum 1:50.000.

4.4.2 Önnur staðbundin ákvæði, flákar

Fitjutegundin nær yfir takmarkanir á landnotkun, samanber gr. 6.3 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 sem auðkenndar eru með fláka á aðalskipulagsupphætti, svo sem hverfisvernd eða svæði sem skilgreind eru sem varúðarsvæði eða náttúruvá. Takmarkanir á landnotkun leggjast ofan á þekju landnotkunarreita. Fitjur sem lýsa takmörkunum á landnotkun geta skarast, til dæmis getur fitja sem stendur fyrir hverfisvernd skarast við fitju sem auðkennir vatnsvernd á sama svæði. Í tilvikum þar sem sömu ákvæði gilda um fleiri en einn reit sem ekki eru samliggjandi er teiknuð ein fitja fyrir öll svæðin (e. multipolygon).

4.4.3 Önnur staðbundin ákvæði, línur

Fitjutegundin nær yfir skipulagsákvæði og önnur auðkenni sem táknuð eru sem línur á aðalskipulagsupphætti. Þar á meðal eru skipulagsákvæði og önnur auðkenni sem tilgreind eru í gr. 7.4.3 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Einnig er víkið að atriðum sem auðkenna þarf með línunum á aðalskipulagsupphætti í gr. 4.5.3 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Þess þarf að gæta að fitjur sem auðkenna sama fyrirbærið og deila öllum sömu eigindum myndi eina heild og séu ekki settar fram sem margir línubútar. Dæmi um það getur verið vegur sem ber eitt og sama heitið og um gilda sömu skipulagsákvæði.

Dæmi um fitjur af þessari fitjutegund eru stofnvegir, reiðstígar, háspennulínur og hættumatslínur vegna ofanflóða.

4.4.4 Fitjueigindir Annarra staðbundinna ákvæða

Tafla 4 inniheldur lista yfir fitjueigindir *Annarra staðbundinna ákvæða, fláka og punkta*, sem skilgreindar eru í kafla 4.4 í gagnalýsingu stafræns aðalskipulags, og upplýsingar og dæmi um hvernig viðkomandi eigindir eru færðar inn í eigindatöflu.

Tafla 4. Fitjueigindir fyrir fitjuteigundirnar Önnur staðbundin ákvæði, flákar og punktar.

Skýring	
Flokkur (flokkur)	Hér er skilgreind sú landnotkun eða takmarkanir á landnotkun sem gildir á viðkomandi reit. Hér er valið eitt af þeim tilbúnu gildum sem listuð eru upp í töflu 4, í kafla 4.4 í gagnalýsingu stafræns aðalskipulags. Gildin eru í samræmi við landnotkunarflokka og takmarkanir á landnotkun eins og þeim er lýst í 6. og 7. kafla skipulagsreglugerðar nr. 90/2013. Ekki er heimilt að víkja frá tilbúnum gildum. Aðeins er unnt að velja eitt gildi fyrir hvern fláka eða punkt. Sértek ákvæði eru skráð í eigindina <i>Ákvæði</i> sem lýst er neðar í þessari töflu.
Númer landnotkunarreits (númer)	Hér er skráð hlaupandi númer sem auðkennir viðkomandi landnotkunarreit eða takmörkun á landnotkun. Númer sem er m.a. notað til að tengja skipulagsákvæði í skipulagsgreinargerð við viðkomandi reit á skipulagsupprætti. Númeraröð hefst á 1 og tryggja þarf að engar tvær fitjur í sama flokki hafi sama númerið. Þegar landnotkun er táknúð með punkti þarf að tryggja að númeraröð nái einnig til fitja sem tilheyra sama landnotkunarflokki en afmarkaðar eru sem flákar og tilheyra því fitjuteigundinni <i>Landnotkun</i>. Dæmi: • Punktur: Skráð er númerið 2 fyrir íbúðarbyggð (ÍB2). • Fláki: Skráð er númerið 2 fyrir hverfisverndarsvæði (HV2).
Heiti (heiti)	Heiti sem notað er til að vísa í reitinn í daglegu tali. Dæmi: • Punktur: Efnistökusvæði (E7), heiti er <i>Leirdalur</i>. • Fláki: Hverfisverndarsvæði (HV3), heiti er <i>Eldvörp</i>.
Ákvæði (akvaedi)	Hér eru skráð sérstök skipulagsákvæði sem gilda um viðkomandi reit, hvort sem um er að ræða landnotkun sem táknúð er með punkti eða takmörkun á landnotkun. <i>Önnur skipulagsákvæði</i> sem fela í sér takmörkun á landnotkun geta átt við einn eða fleiri landnotkunarreiti, í heild eða að hluta. Þannig getur tiltekið hverfisverndarsvæði náð yfir fleiri einn landnotkunarreit. Hverfisverndarákvæðin gilda þá um þann hluta þeirra landnotkunarreita sem hverfisverndarsvæðið nær yfir. Mikilvægt er að hafa texta sem hér er skráður hnitmiðaðan og í sem fæstum orðum. Ákjósanlegt er að halda orðafjölda undir 50 ef því verður komið við. Dæmi fyrir hverfisverndarsvæði: <i>Allar framkvæmdir miði að því að vernda sögulegar minjar. Mannvirki falli að landslagi og breyti ekki heildarásýnd svæðisins. Akstri vélknúinna farartækja skal halda í lágmarki.</i> Ef um er að ræða ákvæði sem leiða af ákvörðunum annarra stjórnvalda er vísað í viðkomandi stjórnvaldsákvörðun. Þetta á einna helst við um vatnsverndarsvæði þar sem ákvæði/takmarkanir um svæðin eru sótt beint í viðeigandi reglugerð. Dæmi fyrir grannsvæði vatnsverndar þar sem um gilda ákvæði sem sett eru fram í reglugerð: <i>II. flokkur. Grannsvæði. Takmarkanir í samræmi við 13. gr. reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns m.s.br.</i>
Lýsing (lysing)	Hér má setja nánari lýsingu á viðkomandi fitju þegar við á. Lýsing felur <u>ekki</u> í sér skipulagsákvæði en er ætlað að gefa nánari upplýsingar um stöðu á viðkomandi reit eða aðrar upplýsingar um reitinn sem talið er mikilvægt að komi fram. Dæmi: þegar reitur sem er skipulagður sem íbúðarsvæði er óbyggður þegar aðalskipulagið er unnið eru skilmálar um heimila uppbyggingu settar fram undir ákvæði en í dálkinn lýsing væri unnt að skrá: <i>Svæðið er óbyggt.</i>

	Skýring
Stærð (staerd)	Hér er skráð viðmiðunarstærð reits í samræmi við ákvæði í skipulagsgreinargerð viðkomandi aðalskipulags. Stærð er sett fram í hekturum (ha) með einum aukastaf. Dæmi: - Punktur: Verslun og þjónusta (VP1) er 2 hektarar, talan 2,0 er skráð. - Fláki: Hverfisverndarsvæði (HV3) er 5,5 hektarar, talan 5,5 er skráð.
Fjöldi íbúða (ibudirFj)	Heildarfjöldi íbúða sem gert er ráð fyrir á reitnum sem fitjan afmarkar, tekur til þegar byggðs húsnæðis og áformaðrar uppbyggingar. Heildarfjöldi getur falist í skipulagsákvæðum um hámarksfjölda íbúða á viðkomandi reit eða viðmiðunartölu um áætlaðan heildarfjölda íbúða. Ef engar íbúðir eru fyrir á reitnum eða heimilar samkvæmt aðalskipulaginu er skráð 0 í þennan reit. Dæmi: Ef gert er ráð fyrir samtals 5 íbúðum á reit ÍB2 er talan 5 skráð.
Byggingarmagn (byggmagn)	Heildarbyggingarmagn húsnæðis í fermetrum sem gert er ráð fyrir á reitnum sem fitjan afmarkar. Tekur til þegar byggðs húsnæðis og áformaðrar uppbyggingar. Getur falist í skipulagsákvæðum um hámarksbyggingarmagn á viðkomandi reit eða viðmiðunartölu um áætlað heildarbyggingarmagn. Ekki er gerður greinarmunur á því um hverskonar húsnæði er að ræða. Dæmi: Ef gert er ráð fyrir samtals 300 m² á reitnum er talan 300 skráð.
Efnismagn (efnismagn)	Heildar efnismagn efnistöku- og/eða efnislosunarsvæða, eftir því sem við á um viðkomandi reit. Efnismagn er sett fram í rúmmetrum án aukastafa. Getur falist í hámarks efnismagni á viðkomandi reit eða viðmiðunartölu um áætlað efnismagn. Dæmi: Ef gert er ráð fyrir allt að 5000 m³ á reitnum er talan 5000 skráð.
Fjöldi gistirúma (gistiFj)	Heildarfjöldi gistirúma (gesta) sem heimilaður er á reitnum sem fitjan afmarkar. Ef gisting er ekki heimil á reitnum er skráð 0 í þennan reit. Dæmi: Ef gert er ráð fyrir 45 gistirúmum á miðsvæði M2 er talan 45 skráð.
Grunngögn (grunngogn)	Þessi reitur á aðeins við þegar afmörkun fitju byggir á öðrum og mögulega ítarlegri kortagrunnum eða landupplýsingagögnum en þeim sem skráð eru fyrir aðalskipulagið í heild og eru þegar listuð upp í eigindatöflu fyrir fitjutegundina <i>Skipulag</i>. Það getur meðal annars átt við þegar reitur byggir á uppmældum landamörkum, hefur verið hnitsettur sérstaklega eða myndmældur með dróna. Einnig getur það átt við þegar mörk eru fengin úr öðrum gögnum, t.d. afmörkun virkjunarkosta í rammaáætlun sem fengin eru frá verkefnisstjórn rammaáætlunar. Ef byggt er á sömu kortagrunnum og listaðir eru upp í eigindatöflu fitjutegundarinnar <i>Skipulag</i>, er þessi reitur skilinn eftir óútfylltur.
Nákvæmni (nakvaemni)	Hér er skráður mælikvarði þess skipulagsuppdráttar sem fitjan er sett fram á. Nákvæmni túlkunar landfræðilegra afmarkana í aðalskipulagi þarf að taka mið af mælikvarða skipulagsuppdráttarinnar og eðlis þeirrar stefnumörkunar sem aðalskipulag felur í sér. Almennt er nákvæmni túlkunar aðalskipulagsuppdrátta miðuð við það sem greina má við lestur útprentaðs skipulagsuppdráttar í þeim mælikvarða sem hann er gefinn út í. Dæmi: Ef aðalskipulagsuppdráttur er settur fram í mælikvarðanum 1:50.000 er gildið 1:50.000 skráð.

Tafla 5 inniheldur lista yfir fitjueigindir *Annarra skipulagsákvæða, línur*, sem skilgreindar eru í kafla 4.4 í gagnalýsingu stafræns aðalskipulags.

Tafla 5. Fitjueigindir fyrir fitjutegundina Önnur skipulagsákvæði, línur.

Skýring	
Landnotkunarflokkur (flokkur)	Hér er skilgreind sú landnotkun eða takmarkanir á landnotkun sem gildir á viðkomandi reit. Hér er valið eitt af þeim tilbúnu gildum sem listuð eru upp í töflu 5, í kafla 4.4 í gagnalýsingu stafræns aðalskipulags. Aðeins er unnt að velja eitt gildi fyrir hverja fitju og ekki er heimilt að víkja frá tilbúnum gildum.
Undirflokkur (undirFI)	Hér er gerð nánari grein fyrir viðkomandi fitju, eftir því sem við á. Hér er valið eitt af þeim tilbúnu gildum sem eiga við og listuð eru upp í töflu 5, í kafla 4.4 í gagnalýsingu aðalskipulagsgagna. Aðeins er unnt að velja eitt gildi fyrir hverja fitju.
Númer (númer)	Hér er skráð númer sem auðkennir viðkomandi fitju þegar það á við. Númer sem er m.a. notað til að tengja skipulagsákvæði í greinargerð við viðkomandi línu á skipulagsupprætti.
Heiti (heiti)	Hér er skráð, eftir því sem við á, heiti sem notað er til að vísa í viðkomandi línu í daglegu tali. Dæmi: Heiti vegar: <i>Krísuvíkurvegur</i>. Heiti á háspennulínu: <i>Rauðamelslína 1</i>.
Ákvæði (akvaedi)	Hér eru skráð skipulagsákvæði sem gilda um viðkomandi fyrirbæri. Mikilvægt er að hafa texta hnitmiðaðan og ákjósanlegt er að halda orðafjölda undir 50 ef því verður komið við. Dæmi um skipulagsákvæði getur verið hvort háspennulína er (eða er fyrirhuguð) sem loftlína eða jarðstrengur og spenna á henni: Dæmi: <i>220 kV loftlína</i>
Lýsing (lysing)	Hér má setja nánari lýsingu á viðkomandi fitju. Lýsing felur ekki í sér skipulagsákvæði en er ætlað að gefa nánari upplýsingar um stöðu á viðkomandi fitju eða aðrar upplýsingar um fitjuna sem talið er mikilvægt að komi fram. Ekki er nauðsynlegt að fylla út í reitinn. Dæmi: Loftlína frá Reykjanesi að Rauðamel
Grunngögn (grunngogn)	Þessi reitur á aðeins við þegar afmörkun fitju byggir á öðrum og mögulega ítarlegri kortagrunnum eða landupplýsingagögnum en þeim sem skráð eru fyrir aðalskipulagið í heild og eru þegar skráð í eigindatöflu fyrir fitjutegundina <i>Skipulag</i>. Það getur meðal annars átt við þegar afmörkun á viðkomandi fitju er byggð á uppmældum gögnum, hefur verið hnitsett sérstaklega eða myndmæld með dróna. Ef byggt er á sömu kortagrunnum og listaðir eru upp í eigindatöflu fitjutegundarinnar <i>Skipulag</i>, er þessi reitur skilinn eftir óútfylltur.
Nákvæmni (nakvaemni)	Hér er skráður mælikvarði þess skipulagsuppráttar sem fitjan er sett fram á. Nákvæmni túlkunar landfræðilegra afmarkana í aðalskipulagi þarf að taka mið af mælikvarða skipulagsuppráttarins og eðlis þeirrar stefnumörkunar sem aðalskipulag felur í sér. Almenn er nákvæmni túlkunar aðalskipulagsuppráttar miðuð við það sem greina má við lestur útprentaðs skipulagsuppráttar í þeim mælikvarða sem hann er gefinn út í. Dæmi: Ef aðalskipulagsuppráttur er settur fram í mælikvarðanum 1:50.000 er gildið <i>1:50.000</i> skráð.

4.5 ALMENN ÁKVÆÐI

Auk fitjutegunda sem lýst er í köflunum hér á undan inniheldur stafrænt aðalskipulag töfluna *Almenn ákvæði* sem er án landfræðilegrar afmörkunar en er vensluð við fitjur af fitjutegundinni *Landnotkun*. Í töfluna *almenn ákvæði* eru sett fram almenn ákvæði sem eiga við um hvern landnotkunarflokk í sveitarfélaginu, án tilliti til staðsetningar þeirra. Um er að ræða almenna skilmála í samræmi við 6.1. gr. skipulagsreglugerðar nr. 901/2013.

Töflunni skal skilað á töfluformi, t.d. sem Excel-tafla. Í töflunni eru sett fram almenn ákvæði sem gilda um landnotkunarflokka. Athuga ber að sameiginlegar eigindir, sem fjallað er um í kafla 4.1, eiga einnig við þegar fyllt er út í þessa töflu.

Tafla 6. Almenn ákvæði, eigindir.

Skýring	
Númer stjórnvalds (nrStj)	Hér er skráð númer viðkomandi stjórnvalds, þ.e. númer sveitarfélagsins sem ber ábyrgð á gerð viðkomandi aðalskipulags.
Landnotkunarflokkur (flokkur)	Hér er valið úr tilbúnum gildum sem listuð eru upp í töflu 3, í kafla 4.3 í gagnalýsingu stafræns aðalskipulags. Gildin standa fyrir landnotkunarflokka eins og þeir eru skilgreindir í 6. kafla skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 og ekki er heimilt að víkja frá tilbúnum gildum sem birt eru í töflu. Aðeins er unnt að velja eina skilgreinda landnotkun fyrir hverja línu í töflu.
Undirflokkur (undirFI)	Hér er valið úr tilbúnum gildum sem listuð eru upp í töflu 5, í kafla 4.4 í gagnalýsingu stafræns aðalskipulags. Gildin standa fyrir undirflokka skipulagsákvæða sem sett eru fram sem línur og ekki er heimilt að víkja frá tilbúnum gildum sem birt eru í töflu. Aðeins er unnt að velja einn skilgreindan undirflokk fyrir hverja línu í töflu.
Almenn ákvæði (almAkvaedi)	Hér eru skráð almenn ákvæði sem gilda fyrir landnotkunarflokka aðalskipulagsins í samræmi við 6.1. gr. skipulagsreglugerðar nr. 901/2013.

5 Breyting á aðalskipulagi

Þegar gerð er breyting á aðalskipulagi skal skila inn nýjum stafrænum gögnum sem innihalda aðeins þær fitjutegundir, fitjur, fitjueigindir og töflur sem tekið hafa breytingum. Við breytingu á aðalskipulagi inniheldur fitjutegundin *Skipulag* afmörkun á því svæði sem breytingin nær yfir og viðeigandi fitjueigindir eru skráðar. Þegar gerð er breyting á landnotkunarreitum og/eða takmörkunum á landnotkun er skilað inn fitjutegundunum *Landnotkun* og/eða *Önnur skipulagsákvæði* eftir því sem við á.

Hafa ber í huga að þegar breyting er gerð á afmörkun á einum landnotkunarreit, þá hefur það áhrif á afmörkun og stærð aðliggjandi landnotkunarreita. Þegar svo ber við skal aðeins skilað inn öllum þeim reitum sem breytingin hefur áhrif á. Þar á meðal aðliggjandi reitum sem taka breytingum þó svo að þeir nái mögulega út fyrir landfræðileg mörk skipulagsbreytingarinnar eins og hún er sett fram á skipulagsuppdrætti.

Við breytingu á aðalskipulagi þarf að tryggja að nýjar fitjur myndi samfellu með öðrum gildandi fitjum í aðalskipulagi. T.d. ef breyting á aðalskipulagi nær yfir þrjá

landnotkunarfláka eru afmarkaðir þrír nýir landnotkunarflákar og þeir vistaðir sem þrjár fitjur í nýrri skrá fyrir fitjutegundina landnotkun. Þá þarf að tryggja að ekki sé skörun eða glufa á milli þeirra þriggja landnotkunarfláka sem tilheyra breytingunni og þeirra sem eru óbreyttir í fyrirbyggjandi skrá.

Þegar aðeins eru gerðar breytingar á skipulagsákvæðum án breytinga á afmörkun á skipulagsuppdrætti eru viðeigandi breytingar gerðar í eigindatöflu. Þá er viðkomandi fitjutegundum með þeim fitjum sem breytingin nær til, skilað inn með uppfærðri eigindatöflu.

6 Textasnið fyrir ákvæði

Í greinargerðum skipulagsáætlana eru skipulagsákvæði aðalskipulags iðulega sett fram í ítarlegum texta sem gjarnan er brotinn upp með millifyrirsögnum, feitletrun o.þ.h.

Í stafrænu aðalskipulagi er þessi texti takmarkaður við 3000 stafabil en engu að síður getur verið gott að brjóta hann upp með svipuðum hætti og í greinargerð. Til að gera þetta kleift er notkun á völdum textasniðum eða svokölluðum HTML tögum í ákveðnum eigindadálkum leyfð.

Þetta á við um sértæk skipulagsákvæði í dálkinum *akvaedi* sem er á öllum fitjutegundum í stafrænu aðalskipulagi. Um þessa dálka og stafræn gögn má lesa nánar í gagnalýsingu fyrir aðalskipulag sem finna má undir útgefnu efni á vefsíðu Skipulagsstofnunar (<https://island.is/s/skipulagsstofnun/utgefnid-efni>).

6.1 HTML TÖG

Eftirfarandi tög eru leyfð:

- h1/h2/h3 – fyrirsagnir
- p – greinarskil
- b – feitletrun
- i – skáletrun
- u – undirstrikun
- ol – tölusettur listi
- ul – inndreginn listi
- li – texti í ol eða ul lista

Athugið að önnur HTML tög eru ekki leyfileg.

6.2 DÆMI UM NOTKUN Á HTML TÖGUM

Í eftirfarandi texta eru öll leyfileg tög notuð:

Meginmarkmið hverfisverndar er að varðveita svæðið í núverandi mynd:<p>Sérstakur árfarvegur með eyjum, hölmum, kvíslum og fossum, og með náttúrulegum birkiskógum báðum megin fljótsins.</p><p>Viðhalda má <i>núverandi sumarhúsum í skóginum</i> en ekki má fjölga húsum eða byggja við.</p><h3>Heimilar framkvæmdir</h3><p>Eftirtaldar framkvæmdir eru <u>heimilar:</u></p>Gerð útivistarstíga og áningarstaða.

Minni háttar veituframkvæmdir til að bregðast við flóðahættu.
Gerð útivistarstíga og áningarstaða.
Minni háttar veituframkvæmdir til að bregðast við flóðahættu.

Textinn mun birtast svona í upplýsingaglugga vefsjá:

Meginmarkmið hverfisverndar er að varðveita svæðið í núverandi mynd: Sérstakur árfarvegur með eyjum, hólum, kvíslum og fossum, og með náttúrulegum birkiskógum báðum megin fljótsins.

Viðhalda má núverandi sumarhúsum í skóginum en ekki má fjölga húsum eða byggja við.

Heimilar framkvæmdir

Eftirtaldir framkvæmdir eru heimilar:

- Gerð útivistarstíga og áningarstaða.
- Minni háttar veituframkvæmdir til að bregðast við flóðahættu.

- Gerð útivistarstíga og áningarstaða.
- Minni háttar veituframkvæmdir til að bregðast við flóðahættu.

Hvatt til þess að nota HTML tög í hófi og aðeins þar sem þurfa þykir. Notkun þeirra er ekki skylda.

7 Stafræn fylgiskjöl

Samhliða gerð aðalskipulags skal unnið að flokkun landbúnaðarlands í landupplýsingakerfi og gerð vegaskrár sem inniheldur upplýsingar um vegi í náttúru Íslands. Vegaskrá og flokkun landbúnaðarlands, samkvæmt leiðbeiningum þar um, skal skilað inn til Skipulagsstofnunar sem stafrænum fylgigögnum aðalskipulags.

Gefnar hafa verið út leiðbeiningar um vegi í náttúru Íslands, gerð vegaskrár og högun og skil á gögnum. Unnt er að nálgast leiðbeiningarnar á [vef Skipulagsstofnunar](#).

Gefnar hafa verið út leiðbeiningar um flokkun landbúnaðarlands með tilliti til ræktunar². Unnt er að nálgast leiðbeiningarnar á [vef Stjórnarráðs Íslands](#).

Skila þarf flokkun landbúnaðarlands í sérstakri skrá með fitjutegundinni *Landbúnaðarland (Landbunadarland)* sem inniheldur sjö fitjueigindir sem lýst er í töflu að neðan.

Tafla 7. Fitjueigindir fyrir fitjutegundina Landbúnaðarland.

Skýring

Heiti stjórnvalds
(heitiStj)

Hér er skráð heiti þess sveitarfélags sem flokkun landbúnaðarlands tilheyrir.

Dæmi:

Rangárþing eystra

² Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið (2021) *Leiðbeiningar um flokkun landbúnaðarlands með tilliti til hæfni til ræktunar* (1. útg.).

	Skýring
Númer stjórnsvalds (nrStj)	Hér er skráð opinbert númer þess sveitarfélags sem flokkun landbúnaðarlands tilheyrir. Dæmi: Í tilfelli Rangárbings eystra er gildið 8613.
Flokkur	Hér er skráð í hvaða gæðaflokk viðkomandi landbúnaðarland fellur. Valinn er viðeigandi flokkur samkvæmt leiðbeiningum um flokkun landbúnaðarlands með tilliti til ræktunar ² . I. Mjög gott ræktunarland II. Gott ræktunarland III. Sæmilegt ræktunarland IV. Lélegt ræktunarland
Stærð (staerd)	Hér er skráð stærð viðkomandi reits í hekturum (ha) með einum aukastaf. Dæmi: Ef reitur er 5 hektarar er tala 5,0 skráð, ef reitur er 5,823 ha er talan 5,8 skráð.
Vísun (visun)	Hér er vísun á greinargerð sem lýsir forsendum og niðurstöðum viðkomandi flokkunar á landbúnaðarlandi. Vísun er sett fram með vefslóð.
Dagsetning útgáfu (dags)	Dagsetning sem niðurstöður flokkunar landbúnaðarlands eru gefnar út.
Nákvæmni (nakvaemni)	Nákvæmni túlkunar landfræðilegra afmarkana í metrum. Nákvæmni fer eftir upplausn og mælikvarða grunnagagna sem nýtt eru í greiningar og flokkun, sem og mælikvarða sem niðurstöður eru settar fram í.

8 Athugun Skipulagsstofnunar og skil á stafrænum gögnum

Skv. ákvæðum í skipulagslögum og skipulagsreglugerð eru stafræn gögn viðbót við önnur skipulagsgögn aðalskipulags. Stafræn gögn skulu því unnin samhliða öðrum skipulagsgögnum og fylgja þeim þegar aðalskipulagstillaga er send til Skipulagsstofnunar til athugunar.

Stafræn gögn aðalskipulags teljast hluti af samþykktum skipulagsgögnum og því skulu stafræn gögn fylgja með þegar aðalskipulag er lagt fram í Skipulagsgátt til athugunar fyrir auglýsingu.

Skipulagsstofnun er ekki kleift að staðfesta aðalskipulagstillögu fyrr en öll skipulagsgögn hafa borist í gegnum Skipulagsgátt, þ.m.t. fullnægjandi stafræn gögn.

Gæði stafrænna aðalskipulagsgagna eru á ábyrgð viðkomandi sveitarfélags. Aðalskipulagsgögn skulu sett fram í samræmi við gagnalýsingu um stafrænt aðalskipulag og kröfur í skipulagslögum og skipulagsreglugerð. Aðeins þeim stafrænu gögnum sem tilgreind eru í gagnalýsingu um stafrænt aðalskipulag, ásamt fylgigögnum sem tilgreind eru í kafla 6, er skilað til Skipulagsstofnunar. Grunnkortagögn sem birt eru á skipulagsupprætti, sbr. hæðarlínur, örnefni og fl. teljast ekki hluti stafrænna gagna aðalskipulags og eiga því ekki að fylgja með stafrænum gögnum þegar þeim er skilað inn.

Gögn stafræns aðalskipulags skulu unnin og skilað inn í hnitakerfinu ÍSN93 (EPSG:3057).

Gögnum stafræns skipulags ber að skila á einu af eftirfarandi formi:

- GeoPackage (.gpkg)
 - ESRI File-Geodatabase (.gdb)
 - Shapefile (inniheldur: .dbf, .prj, .sbn,.sbx, .shp, .shx)
- *Athugið að textadálkar í shp-skrám eru að hámarki 254 stafabil og því getur verið betra að notast við geopackage eða geodatabase.